

Dómsorð:

Ákærði, Sveinn Valdimarsson, greiði kr. 40.000.00 í sekt í Landhelgissjóð innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 20 daga.

Allur afli og veiðarfæri um borð í m/b Sæborgu eru gerð upptæk, og gengur andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. nóvember 1969.

Nr. 152/1969. **Ákæruvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Hilmari Árnasyni

(Jón Hjaltason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ákæra um fiskveiðabrot. Birting stjórnvaldaerinda.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp héraðsdóminn ásamt samdómsmönnum Angantý Eliassyni skipstjóra og Páli Þorbjörnssyni skipstjóra.

Ákærði er í máli þessu sóttur þeim sökum að hafa hinn 20. marz 1969 á skipi sínu v/b Sigurfara, VE 138, verið að botnvörpuveiðum á hafsvæði, þar sem botnvörpuveiðar voru á þeim tíma bannaðar með auglýsingu sjávarútvegsráðherra 27. febrúar 1969 „um sérstök veiðisvæði fyrir línu og net fyrir Suðvesturlandi“, sem sett hafði verið „samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins og lögum nr. 62 18. maí 1967 um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu með síðari breytingum, sbr. reglugerð nr. 304 20. desember 1968 um leyfi til togveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að

öðlast þegar gildi ...“. Auglýsing þessi var birt í Lögbirt-ingablaði 4. marz 1969 og síðan í B-deild Stjórnartíðinda 30. apríl 1969. Samkvæmt 2. gr. laga nr. 64/1943 um birtingu laga og stjórnvaldaerinda bar að birta auglýsinguna í B-deild Stjórnartíðinda, og samkvæmt 7. gr. sömu laga mátti ekki beita ákvæðum hennar, fyrr en svo hafði verið gert. Að svo vöxnu máli verður ákærða dæmd sýkna af kröfum ákæruvalds.

Allur kostnaður af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Hilmar Árnason, á að vera sýkn af kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Kostnaður af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 24. júní 1969.

Mál þetta, sem dómtekið var í gær, er af ákæruvaldsins hálfu höfðað með ákæru, útgefinni 31. marz 1969, á hendur Hilmari Árnasyni, Skólavegi 37, Vestmannaeyjum, skipstjóra á m/b Sigurfara, VE 138, „fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 62/1967 um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 3/1961 um fiskveiðilandhelgi Íslands, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á nefndum báti fimmtudaginn 20. marz 1969 út af Þorlákshöfn á svæði innan fiskiveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í 1. gr. áðurnefndrar reglugerðar, þar sem botnvörpuveiðar eru bannaðar til 30. apríl 1969 samkvæmt 1. tl. 1. gr. auglýsingar sjávarútvegsmálaráðuneytisins 27. febrúar 1969 um sérstök veiðisvæði fyrir línu og net fyrir Suðurlandi, sbr. lög nr. 88/1968 um breytingu á áðurnefndum lögum, sbr. reglugerð nr. 304/1968 um leyfi til togveiða í fiskiveiðilandhelgi Íslands, sbr. að öðru leyti reglugerðir um fiskiveiðilandhelgi Ís-

lands nr. 3/1961, 87/1958, 4/1961 og 29/1964, og auglýsingu nr. 4/1961.

Ákæríst því nefndur Hilmar Árnason til að sæta refsingu samkvæmt 1. mgr. 4. gr. nefndra laga nr. 62/1967, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961 og 1. mgr. 2. gr. auglýsingar nr. 304/1968, og upptöku afla og veiðarfæra nefnds báts og til greiðslu sakarkostnaðar“.

Ákærði, Hilmar Árnason, er fæddur á Bildudal 4. febrúar 1930 og hefur sætt kærnum og refsingum er hér segir:

1960 16/10 í Reykjavík: Áminning fyrir ölvun.

1960 13/12 í Reykjavík: Sátt fyrir ölvun, 150 kr. sekt.

1961 1/2 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.

1967 26/9 í Vestmannaeyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.

Í skýrslu skipherra varðskipsins Ægis, dags. 21. marz 1969, segir á þessa leið:

„Fimmtudaginn 20. marz tók varðskipið m/b Sigurfara, VE 138, skipstjóri Hilmar Árnason, Skólavegi 37, f. 4. febrúar 1930, að ólöglegum veiðum undan Hafnarnesi við Þorlákshöfn.

Nánari atvik voru sem hér segir:

Fimmtudaginn 20. marz var varðskipið við eftirlitsstörf við SV-land.

Kl. 2231 var komið að m/b Sigurfara, VE 38, þar sem hann var að togveiðum á svæði, þar sem þær eru bannaðar til 30. apríl 1969 samkvæmt auglýsingu sjávarútvegsmálaráðuneytisins frá 27. febr. 1969. Eftirfarandi staðarákvörðun var þá gerð við hlið bátsins:

Hafnarnes, fjarl. 4.5 sjóm.

Stokkseyri, fjarl. 8.6 sjóm., dýpi 88 m.

Sýnir þetta bátinn um 10.7 sjóm. inni á umræddu bannsvæði. Strax á eftir var staðarákvörðunin endurtekin og reyndist óbreytt.

Skipstjóri bátsins var fluttur yfir í varðskipið, og kvað hann sér ekki kunnugt um, að hann væri á bannsvæði. Honum var síðan tilkynnt, að atferli hans yrði kært, og skyldi hann halda til heimahafnar sinnar. Staðarákvarðanirnar voru gerðar með K.H. radar og gýróáttavita skipsins af 1., 2. og 3. stýrimanni, undir umsjá skipherra.

Staðir bátsins voru settir út í sjókort nr. 16, og fylgir úrklippa úr því skýrslu þessari.

Veður: NA 3, sjór 3, léttskýjað“.

Skipherrann á varðskipinu Ægi, Guðmundur Kjærnested, mætti í sakadómi Vestmannaeyja og kvaðst hafa undirritað skýrsluna

og væri innihald hennar rétt. Einnig mætti 1. stýrimaður varðs skipsins, Bjarni Ólafur Helgason, og 2. stýrimaður, Kristinn Jóhann Árnason, og kváðu skýrsluna rétta.

Þegar ákærði mætti fyrir sakadómi, viðurkenndi hann þegar að hafa verið að togveiðum á þeim stað og tíma, sem segir í skýrslum. Hins vegar sagði hann, að honum hafi verið algerlega ókunnugt, að hann væri á friðlýstu svæði, og ekki hafi hann séð eða heyrt talað um auglýsingu sjávarútvegsmálaráðuneytisins, sem gefin var út 27. febrúar 1969 og birt í Lögbirtingablaðinu 4. marz 1969. Hann hafi því haldið, að sér væri heimilt að toga þarna.

Útgerðarmaður skipsins mætti einnig fyrir sakadómi og benti á, að ekki hefði verið leitað umsagna skipstjóra eða útgerðarmanna úr Vestmannaeyjum, áður en áðurgreind auglýsing sjávarútvegsmálaráðuneytisins var sett. Fiskifélag Íslands hafi haldið ráðstefnu í Reykjavík hinn 17. febrúar og hafi þar verið mættir skipstjórar og útgerðarmenn úr Keflavík, Sandgerði, Grindavík, Þorlákshöfn, Stokkseyri og Reykjavík, en enginn úr Vestmannaeyjum. Á ráðstefnu þessari var samþykkt að leggja til, að togveiðar yrðu bannaðar á svæði undan Suðurlandi, sem tekur yfir vesturhluta Selvogsbanka. Í samræmi við þessar tillögur hafi sjávarútvegsmálaráðuneytið gefið út áðurgreinda auglýsingu og er útvegsmönnum í Vestmannaeyjum var kunnugt um hana, hafi þeir mótmælt henni, þar sem ekki var haft samráð við þá, áður en hún var gefin út.

Með framburði varðskipsmanna og játningu ákærða er það sannað, að ákærði var að togveiðum á svæði, þar sem togveiðar eru bannaðar samkvæmt auglýsingu sjávarútvegsmálaráðuneytisins 27. febrúar s.l.

Auglýsing þessi virðist hafa verið birt með löglegum hætti, og verður því ekki fallizt á, að það leysi ákærða undan refsingu, þótt honum væri ókunnugt um hana. Samkvæmt þessu verður að telja, að ákærði hafi gerzt brotlegur við öll þau lagaákvæði, sem tilgreind eru í ákæru. M/b Sigurfari, VE 138, er að stærð 46.07 rúmllestir brúttó.

Samkvæmt upplýsingum frá Seðlabanka Íslands um stofngengi krónunnar jafngilda 100 gullkrónur 3.992.93 seðlakrónum.

Með tilvísun til þess, er nú var tekið fram, og samkvæmt tilvitnuðum lagaákvæðum þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 40.000 kr. sekt, sem ákærða ber að greiða í Landhelgisgíð Ís-

lands innan 4ra vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 20 daga.

Allur afli og veiðarfæri um borð í Sigurfara, VE 138, eru gerð upptæk, og rennur andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Hilmar Árnason, greiði kr. 40.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 20 daga.

Allur afli og veiðarfæri um borð í m/b Sigurfara, VE 138, eru gerð upptæk, og rennur andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. nóvember 1969.

Nr. 153/1969. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Guðjóni Emil Aanes

(Jón Hjaltason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ákæra um fiskveiðabrot. Birting stjórnvaldaerinda.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp héraðsdóminn ásamt samdómsmönnum Angantý Eliassyni skipstjóra og Páli Þorbjörnssyni skipstjóra.

Ákærði er í máli þessu sóttur þeim sökum að hafa hinn 20. marz 1969 á skipi sínu v/b Glað, VE 270, verið að botnvörpuveiðum á hafsvæði, þar sem botnvörpuveiðar voru á þeim tíma bannaðar með auglýsingu sjávarútvegsráðs.